

um o. fl., og þar sem þess var farið á leit, að ráðgjafinn hlutist til um, að ferðaáætlun þeirri um gufuskípaferðirnar til Íslands, sem sett er fyrir yfirstandandi ár, verði breytt í þá átt, sem segir í áætlun, er fylgdi bænarskránni, þannig, að Arktúrus í 2 af ferðum sínum fari umhverfis Ísland; en hin 7. ferð hans milli Danmerkur og Íslands verði látin falla niður — hefir tjeður ráðherra ritað hingað í brjefi frá 24. þ. m., að sjer hafi eigi þótt tiltökilegt að gjöra neina slíka breytingu á ferðaáætlun þeirri, sem er fast ákveðin fyrir yfirstandandi ár, og hafi það styrkt hann mjög í þeirri skoðun, að allmargir hinna íslenzku kaupmanna hjer í bönnum hafi leitað til sín og beðið sig að láta ferðaáætlunina haldast. Hins vegar hefir ráðgjafinn sjeð svo um, að skip hins sameinaða gufuskípsfélags leggi eigi af stað frá Reykjavík í 4. ferðinni fyr en 30. júlí, og er gjört ráð fyrir, að Díana verði þá komin til Reykjavíkur.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laxveiði í Elliðaám.* — Í þóknanlegu brjefi frá 8. þ. m. sögðuð þjer, herra landshöfðingi, álit yðar um erindi, er hingað hefir borizt, og þar sem Ágúst Thomsen kaupmaður, og eigandi laxveiðar þeirrar í Elliðaám, sem ríkissjóðurinn hefir selt, spyr, hvort 2. gr. viðaukalaganna frá 11. maí 1876 við landsleigubálk Jónsbókar, 56. kap., um friðun á laxi, verði heimfærð til veiðarinnar í tjeðum ám. Skal því til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Thomsen kaupmanni þjónustusamlega tjáð, að með því að fyrirmæli 2. greinar í lögum 11. maí 1876 um þvergirðingu yfir á virðast, eptir því sem fram kom í umræðunum um málið á alþingi, að öllu samlögðu samkvæm frumreglunum í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., og að eins hafa að geyma nánari útlistun á þessum reglum, og með því að svo er að sjá á sambandinu milli Jónsbókar og laganna 11. maí 1876, sem ætlast sje til að skilyrði það, er áminnst fyrirmæli Jónsbókar eru bundin, sem sje, að fleiri en einn eigi veiði í sömu á, þurfi einnig til þess, að 2. gr. laganna frá 11. maí 1876 verði beitt, virðist ákvörðun þessi, þrátt fyrir það, þótt orð hennar sjeu víðtæk, að eins stefna að því að til taka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, er eiga veiði í sömu á, hvorum, gagnvart öðrum. Eins og þess vegna með hæztarjettardómi frá 16. febr. 1875 hefir verið ákveðið, að fyrirmæli Jónsbókar geti ekki varnað því, að Thomsen, sem einn á laxveiðina í Elliðaánum, þvergirði þessar ár, þannig hyggur ráðgjafinn eptir því, sem tekið er fram, að hann hafi þenna rjett, eins eptir að lögín frá 11. maí 1876 náðu gildi.

— *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa prestakalli.* — Sóknarpresturinn í Hítardals- og Staðarhrauns prestakalli, sira Jónas Guðmundsson, hefir farið þess á leit, að veitt yrði nefndu brauði lán, að upphæð 1200 kr., vegna hins mikla kostnaðar, er hann hafi orðið að hafa til þess að byggja upp prestsetrið að Staðarhrauni og til að bæta tún jarðar þessarar, er hann hafi verið skyldaður til að flytja að frá Hítardal, þá er brauðin voru sameinuð, og hefir herra landshöfðinginn í þóknanlegu brjefi frá 13. marz þ. á. mælt fram með að veitt verði Hítardals og Staðarhrauns prestakalli lán úr viðlagasjóði, að upphæð 1200 kr., er ávaxtist með 4% vöxtum, og endurborgist með  $\frac{1}{20}$  parti eða 60 kr. á ári næstu 20 ár eptir að lánið er veitt, þó með því skilyrði, að sannað sje með skoðunargjörð, er hlutaðeigandi prófastur framkvæmi með 2